

3. fundur Betadeildar starfsárið 2021-2022 – haldinn á Zoom 18. janúar 2022 kl. 19:30.

Setning fundar

Hildur Hauksdóttir formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar á þennan fyrsta fund almanaksársins um leið og hún óskaði öllum gleðilegs árs. Hildur flutti kveðjur frá fjarstöddum konum og bauð Fríðu Pétursdóttur að kveikja á kertum.

Fundargerð síðasta fundar

Elín las fundargerð síðasta fundar sem haldinn var í Menntaskólanum á Akureyri þann 28. okt. Fundargerð var samþykkt.

Erindi frá stjórn

- Hildur minnti á styrki DKG samtakanna og hvatti konur til að skoða reglur um þessa styrki. Einnig bauð Hildur aðstoð við umsóknir. Eygló sagði frétt á vefnum um International Scholarships styrkinn sem ætlaður er konum í masters eða doktorsnámi.
- Hildur sagði óstaðfestar fréttir um fyrirhugaða ráðstefnu í maí. Aníta sagði að verið væri að vinna í því að fá á ráðstefnuna mjög spennandi fyrirlesara sem rak skóla í Kabúl.
- Útbreiðslunefnd upplýsti að komnar væru fjórar tillögur að nýjum konum í deildina. Ákveðið hefur verið að kalla eftir fleiri tillögum. Konur voru hvattar til að leggja fram tillögur að leikskólakennurum.
- Hildur sagði frá pósti til formanna allra deilda þar sem hvatt er til þess að allar félagskonur hugi að ráðstefnunni í New Orleans um miðjan júlí og að konur kanni hvaða styrki hægt er að leita í til að komast á ráðstefnuna.
- Næsti fundur er fyrirhugaður 23. febrúar og fyrir þann tíma verður stjórnin að vera búin að stofna uppstillinganefnd fyrir næstu stjórn.

Önnur mál

- Jónína spurði eftir dagsetningu fyrirhugaðrar vorráðstefnu og fékk svör um að stefnt væri að 7. maí.
- Hildur nefndi pyngjuna sem nú væri fyrst og fremst í formi reiknings í bankanum.

Bókafundur

Undirbúningshópur fundarins tók við stjórnun dagskrár. Nokkur forföll reyndust vera á konum í undirbúningshóp en þær Eygló og Fríða sáu um skipulag og tímastjórnun á umræðum um bækur. Hver kona sagði frá valdri bók og fékk til þess þrjár mínútur og var fjallað um 17 bækur.

Happdrætti

Hildur lét tæknina hjálpa til við að draga í happdrættinu og hlaut Fríða happdrættisvinninginn sem hún mun fá úr hendi Rósu við tækifæri.

Fundarslit

Fríða slökkti á kertum og fundi var slitið kl. 21:30.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir